

## GJALDSKRÁ

**fyrir hreinsun og tæmingu rotþróa í Borgarbyggð.**

1. gr.

Sveitarstjórn Borgarbyggðar er heimilt, í samræmi við 17. gr. samþykktar um fráveitur og rotþrær í Borgarbyggð nr. 296/2007, að leggja á sérstakt gjald vegna hreinsunar og tæmingar rotþróa í Borgarbyggð.

2. gr.

Gjaldið er innheimt árlega, sem hér greinir:

<i>Rotþró</i>	<i>kr.</i>
2000 lítra og minni	5.700
2001 – 4000 lítra	6.600
4001 – 6000 lítra	7.860

Fyrir rotþrær stærri en 6000 l er innheimt samkvæmt reikningi kr. 4.720 á rúmmetra við losun.

Purfi að fara aukaferð (tæma utan reglubundinnar yfirferðar) er innheimt sérstakt tæmingargjald sem er kr. 25.000 fyrir hverja tæmingu.

Gjaldið verður endurskoðað árlega, þ.e. 1. janúar ár hvert og breytist í samræmi við vísitölu byggingarkostnaðar sem er 478,8 í desember 2008.

3. gr.

Gjaldskrá þessi er samin og samþykkt af sveitarstjórn Borgarbyggðar með stoð í 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og öðlast þegar gildi.

*Borgarnesi, 16. janúar 2009.*

**Páll S. Brynjarsson** sveitarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 9. febrúar 2009